

Skipting
Mótt.: 11 APR. 2007
Málm.
2007040023



Akureyrarbær

Frankvæmdadeild

Deiliskipulag Lystigarður Akureyrar



Greinargerð

26. mars 2007

Skipulagsráðgjafi:



Teiknistofan
STORÐ

Hermann Georg Gunnlaugsson
landslagsarkitekt FÍLA

Deiliskipulag þetta var samþykkt af skipulagsnefnd Akureyrar

þann 28. mars 2007

f.h. skipulagsnefndar

Deiliskipulag þetta sem hefur fengið meðferð samkv. 25. gr. skipulags-
og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar

þann 3. apríl 2007

Sigrún Þorvaldsson
bæjarstjórinn á Akureyri



Efnisyfirlit

1.0	Inngangur	4
1.1	Mörk deiliskipulagssvæðis	4
1.2	Skipulagsgögn.....	4
1.3	Markmið.....	5
2.0	Forsendur, saga, staðhættir og minjar	5
2.1	Forsendur skipulagsvinnunnar.....	5
2.2	Saga Lystigarðsins	5
2.3	Fornminjar	7
2.4	Garðlistasaga.....	8
2.5	Þemakort.....	8
2.6	Framtíð Lystigarðsins	9
2.7	Kortagrunnur.....	9
3.0	Skipulagslýsing	9
3.1	Skipulagsskilmálar	10
3.1.1	Friðun Lystigarðsins á Akureyri – Upphafshlutinn frá 1912.....	10
3.1.2	Byggingar	10
3.1.3	Aðkoma og umferð	11
3.1.4	Gróður.....	11
3.1.5	Minnisvarðar og önnur mannvirki	12
4.0	Sérákvæði deiliskipulags	13
5.0	Heimildaskrá	15
6.0	Myndaskrá	15
7.0	Teikningaskrá:	15
8.0	Viðaukar, kort, uppdrættir og skýringarmyndir	15
	Yfirlitsmynd - Skipulagssvæði	16
	Þemakort 1.1.....	17
	Þemakort 1.2.....	18
	Þemakort 1.3.....	19
	Deiliskipulagsuppdráttur	20
	Skýringaruppdráttur.....	21
	Skýringarmynd A	22
	Skýringarmynd B	22
	Skýringarmynd – Snið A-A'	23

1.0 Inngangur

1.1 Mörk deiliskipulagssvæðis

Deiliskipulagssvæðið nær til lóðar Lystigarðsins sem miðast við Eyrarlandsveg í austur, lóðamörk Menntaskólans á Akureyri til norðurs og vesturs þar sem nýr aðalinnangangur garðsins er staðsettur, til suðurs að lóð Fjórðungssjúkrahússins, sem og að Þórunnarstræti til vesturs.



Mynd 1. Yfirlitsmynd Lystigarðsins – Mörk skipulagssvæðis (Teiknistofan Storð ehf, 2006).

1.2 Skipulagsgögn

Gögn deiliskipulagsins eru:

- Greinargerð þessi sem inniheldur skipulagslýsingu og skipulagsskilmála
- Deiliskipulagsuppráttur í mælikvarða 1:1000
- Skýringaruppráttur í mælikvarða 1:1000

Skipulagsgerð annaðist Teiknistofan Storð ehf sem er sjálfstætt starfandi ráðgjafarfyritæki í skipulagsgerð og verkefnisstjóri var Hermann Georg Gunnlaugsson landslagsarkitekt FÍLA, en auk þess komu að verkinu Gunnhildur Guðmundsdóttir hjá Teiknistofunni Storð ehf og Vífill Björnsson hjá Vektor hönnun og ráðgjöf. Frá Akureyrarbæ var Jón Birgir Gunnlaugsson verkefnisstjóri, auk þess komu margar þarfar ábendingar frá Björgvini Steindórssyni forstöðumanni Lystigarðsins.

1.3 Markmið

Tilgangur þessa deiliskipulags er að skilgreina Lystigarðinn á Akureyri innan hefðbundins skipulagsramma í Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 og marka garðinum ákveðna stefnu til framtíðar. Það er mikilvægt fyrir starfsemi garðsins að setja honum ákveðinn lögbundinn ramma samkvæmt skipulags- og byggingarlögum. Eitt af aðalmarkmiðum verkefnisins er jafnframt að skapa Lystigarðinum á Akureyri verðuga framtíðarstefnu sem almennings- og grasagarði. Að tryggja að garðurinn haldi sínum sessi sem einn af máttarstólpum í íslenski garðlistasögu og sem hluti af mikilvægum menningararfi íslensku þjóðarinnar.

2.0 Forsendur, saga, staðhættir og minjar

2.1 Forsendur skipulagsvinnunnar

Um nokkurt skeið hefur gætt áhuga á að auka þjónustu Lystigarðsins við gesti með hugsanlegri uppbyggingu á þjónustu- eða kaffihúsi. Garðurinn verður 100 ára gamall árið 2012 og mikilvægt að hægt verði að halda upp á afmælið með viðhöfn. Fyrir Menntaskólann á Akureyri liggur fyrir deiliskipulag samþykkt xx.mm.aaaa. Ekki liggur fyrir deiliskipulagsuppráttur fyrir Fjórðungssjúkrahús Akureyrar.

2.2 Saga Lystigarðsins

Upphaf Lystigarðsins og garðlistasagan

Árið 1912 var Lystigarðurinn á Akureyri opnaður almenningi og er hann fyrsti almenningsgarðurinn á Íslandi. Það var fyrir tilstuðlan nokkurra kvenna á Akureyri sem komið höfðu saman sumarið 1909 og óskað eftir landi frá Akureyrarbæ til að byggja upp skrúðgarð. Fremst í flokki þeirra var Anna Schiöth og einnig naut félagið stuðnings Stefáns Stefánssonar, skólameistara og grasafraeðings. 1. maí árið 1910 var haldinn stofnfundur Lystigarðsfélags Akureyrar, en fyrir um árið hafði bærinn úthlutað um einum hektara lands til verkefnisins. Síðar á árinu voru svo samþykkt lög félagsins:

Lög "Lystigarðsfélags Akureyrar" samþykkt á fundi 1. nóvember 1910

1. gr.


Félagið heitir "Lystigarðsfélag Akureyrar".

2. gr.

Tilgangur félagsins er að koma upp garði í Akureyrarbæ, bænum til þrýði og almenningi til skemmtunar. Garðurinn sé skreyttur trjám og blómum og leikvellir og lystihús séu þar almenningi til afnota svo fljótt sem því verður við komið. (www.lystigardur.akureyri.is; 2006).

Með elju og dugnaði tókst konunum að byggja upp Lystigarðinn og opna hann fyrir almenningi sumarið 1912. Garðurinn hefur verið stækkaður þrisvar sinnum síðan. Fyrst árið 1944 þegar hann var stækkaður til vestur og síðan 1955 var hann stækkaður um einn hektara til suðurs. Árið 1957 urðu tímamót í rekstri garðsins þegar sett var á stofn grasafraeðideild við Lystigarðinn og var það einkaplöntusafn Jóns Rögnvaldssonar sem var upphafið af þeirri starfsemi. Með því var lagður grunnur að þeim garði sem við þekkjum í dag. Síðasta stækkun Lystigarðsins var síðan árið 1994 og bættist þá við ræma til vesturs að Þórunnarsträtinu.

Lystigarðurinn á Akureyri er í dag á einni lóð sem er 28.180 m² að stærð og inniheldur tæplega 7000 tegundir og tegundaafbrigði af fjörlæringum, runnum og trjám. Saga garðlistar á Íslandi er ekki ýkja löng en Lystigarðurinn er samt sem áður einn af þeim almenningsgördum á Íslandi sem skipar sér í hóp þeirra allra merkustu í sögu þjóðarinnar. Einnig nær hróður garðsins langt út fyrir landsteinana og er með allra merkustu grasagörðum á norðurhveli jarðar. Áætlað er að um 100.000 gestir heimsæki garðinn ár hvert og er áætlað að erlendir ferðamenn séu rúmlega helmingur af þeim gestum.



Mynd 2. Lystigarðurinn á Akureyri árið 1930 (*Vígfús Sigurgeirsson, 1930*).



Mynd 3. Lystigarðurinn á Akureyri - gosbrunnurinn (*Hermann Georg Gunnlaugsson, 1985*).



Mynd 4. Birki og geitaskegg við gosbunninn (Hermann Georg Gunnlaugsson, 1995).

2.3 Fornminjar

Í tengslum við aðalskipulagsgerð var unnin fornleifaskráning á árunum 1995 til 1999 í landi Akureyrarbæjar. Stóra Eyrarland er eitt af þeim býlum sem staðið hafa á Brekkunni frá fyrstu öldum og talið líklegt að bærinn hafi staði að mestu leit á svæðinu frá FSA og mörkum elsta hluta Lystigarðsins frá 1912. Það er ljóst að allar framkvæmdir á þessu svæði muni leiða í ljós mannvistarleifar. Gert er grein fyrir fornleifaskráningunni í Aðalskipulagi Akureyrar 2005 -2018 á eftirfarandi hátt:

4.20.1 Aðrar fornminjar

Á árunum 1995 til 1999 fór fram skráning fornleifa í landi Akureyrarbæjar. Alls voru skráðar 375 minjar á 22 jörðum. Um skráninguna sáu Minjasafnið á Akureyri og Fornleifastofnun Íslands. Einnig hefur verið unnin deiliskráning tveggja svæða. Minjaskráin er sett fram í eftirtöldum gögnum:

- Fornleifar í landi nausta, Hamra og Kjarna FS018-95023
- Fornleifar í landi Stóra- Eyrarlands og Kotár FS034-95025 1997
- Fornleifar í landi Akureyrar norðan Glerár FS051-95027 1998
- Deiliskráning Naustahverfis FS004-95021 1995
- Deiliskráning Krossaneshaga FS017-95024 1996

Margir skráningarstaða byggja á heimildum um minjar án þess að nokkuð sjáist til þeirra á yfirborði. Eins og á mörgum öðrum þéttbýlisstöðum hafa margar minjar farið forgörðum vegna framkvæmda og nauðsynlegrar uppbyggingar í tímans rás. Þar bera hæst gamla bæjarstaðið á Stóra Eyrarlandi og minjar um fyrstu byggða á gömlu Akureyri. Hér á eftir eru taldir upp þeir staðir innan aðalskipulagssvæðis Akureyrarbæjar, sem hafa hvað mesta minjagildi. Minjagildi er metið út frá rannsóknargildi og/eða gildi þeirra sem markverðir staðir til skoðunar fyrir almenning.

Stóra Eyrarland. 65°40,471 N 18°05,677 V.

Bærinn stóð beint norður af sjúkrahúsinu. Hann var rifinn 1949 tóftirnar jafnaðar. Bærinn hefur líklega staðið á svipuðum stað allt frá fyrstu öldum. Þar var líka hálfkirkja. Búast má við að töluverðar minjar sé enn að finna undir yfirborðinu á svæðinu norðan sjúkrahússins og í suðvestur hluta Lystigarðsins.

Stóra Eyrarland

Í fornleifaskráningu er talið að bærinn hafi staðið á svæðinu milli Fjórðungssjúkrahúsins og Lystigarðsins. Meðfyljandi er ljósmynd úr myndasafni Vigfúsar Sigurgeirssonar, en myndin er tekið árið 1954 út um glugga á Fjórðungssjúkrahúsinu.



Mynd 5. Stóra Eyrarland (Vigfús Sigurgeirsson, 1954).

2.4 Garðlistasaga

Saga garðlistar í Evrópu á sér langa sögu með skrúðgörðum í anda endurreisnar, barokkstíls og enskra landslagsarða frá 17. öld fram á annan áratug 20. aldar. Mörgum þessarar garða hefur verið viðhaldið með nokkrum kostnaði og jafnvel hafa þeir gengið í gegnum mikla endurbyggingu. Í dag þjóna þessir garðar mikilvægu hlutverki sem almenningsgarðar og hafa verulegt aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

Saga garðlistar á Íslandi er ekki ýkja löng, en Íslendingar eiga þó nokkra skrúðgarða sem hafa menningarsöglulegt gildi. Helstu skrúðgarða sem má nefna auk Lystigarðsins á Akureyri eru Austurvöllur frá 1874, Alþingisgarðurinn frá 1893, Skrúður í Dýrafirði frá 1905, Hellisgerði í Hafnarfirði frá 1922, Skallagrímgarðurinn í Borgarnesi frá 1937 og Tryggvagarður á Selfossi frá 1940 svo einhverjir séu nefndir. Sumir þessara íslensku skrúðgarða hafa greinilega skýrskotun til skrúðgarða frá Ítalíu, Frakklandi og Þýskalandi sem formfastir garðar með ákveðinni miðju þar sem vatn er þungamiðja garðsins.

Íslensku skrúðgarðarnir eru komnir til ára sinna og víða þörf á því að grípa til aðgerða til að viðhalda og þróa þessa garða fyrir komandi kynslóðir. Landslagsarkitektar og aðrir fagmenn tengdir skrúðgarðyrkju þurfa að taka höndum saman og þróa vinnuáferðir til að viðhalda og endurbyggja menningarsögulega garða.

2.5 Þemakort

Þemakort 1.1 – Hæðarlega LA

Uppdrátturinn sýnir hæðarlegu landsins sem Lystigarðurinn er í. Það sem einkennir garðinn er lega hans í landinu og opnun garðsins til austur. Upplifunina að vera inni í garði, en vera samt í sterkum tengslum við landslagið og Vaðlaheiðina. Hinsvegar er lokun garðsins með gróðri til suðurs og norðurs mikilvægur þáttur í upplifun þess sem heimsækir garðinn.

Þemakort 1.2 – Þróun og stækkun LA

Það sem hefur mótað garðinn hvað mest er það hvernig garðurinn hefur þróast frá upphafi. Upphaflegt svæði sem var úthluta Lystigarðsfélaginu 1909 var næst Menntaskólanum og var um einn hektari að stærð. Fyrsta stækkun garðsins var síðan árið 1944, önnur stækkun árið 1955 og að lokum nýjasta stækkun garðsins til vesturs árið 1994. Elsti hluti garðsins er án efa mikilvægasti hluti garðsins út frá garðsögulegu sjónarmiði. Af þeim sökum er æskilegt að varðveita þennan hluta garðsins í sem upprunalegastri mynd.

Þemakort 1.3 – Svæðisskiping og notkun LA

Garðinum er skipt upp í nokkur mismunandi svæði

- I. Upphafshlutinn / Garðlistasagan
- II. Íslenska flóran / Grasagarðurinn
- III. Sýningarsvæðin / Lystigarðurinn
- IV. Vatnssvæðið / Upplifun fyrir börn og fullorðna
- V. Söguslóðinn / Minnisvarðar um þá sem hafa haft mest áhrif á sögu og mótun garðsins
- VI. Þjónustusvæði / Ræktunarsvæði, mannvirki og byggingar fyrir starfsfólk og gesti garðsins

2.6 Framtíð Lystigarðsins

Lystigarður Akureyrar er einn elsti almenningsgarður landsins og merkilegur hluti af sögu þjóðarinnar. Það er orðið aðkallandi að vinna framtíðaráætlun fyrir Lystigarð Akureyrar út frá menningar- og garðlistasögu sjónarmiði.

Við endurgerð sögulegra skrúðgarða eru almennt notaðar eftirfarandi vinnuaðferðir og fagheitið er fyrir slíka endurgerð er skrúðgarðaviðhald (*þýsku: Gartendenkmalpflege*).

- Skráning á skipulagi garðsins sem byggt er á eldri gögnum, skráning á sem upprunalegasta formi garðsins, byggt á gagnaöflun, skráningu og kortum. Öflun upplýsinga um hvernig framkvæmdum var háttáð, hvaða plöntur og efni voru notuð.
- Uppdráttur á núverandi stöðu, sem sýnir skipulag garðsins, efnisnotkun og tegundir gróðurs.
- Áætlanir um endurgerð á garðmannvirkjum og vatnsmannvirkjum, s.s. minnisvarðar, tjarnir og gosbrunnar.
- Uppdráttur sem sýnir framtíðarsýn garðsins þar sem fram kemur hvernig endurbyggingu og endurgróðursetningu verður háttáð. Framsett með aðgerðarteikningum, verklýsingum og öðrum nauðsynlegum gögnum.
- Viðhaldsáætlun garðsins, þar sem snýnt er fram á hvernig viðhaldi garðsins verði háttáð.

Árið 2012 verður Lystigarður Akureyrar 100 ára. Það er því mikilvægt að hefja vinnu við framtíðaráætlun garðsins og eins og segir í 2. grein Lystigarðsfélagsins: „Tilgangur félagsins er að koma upp garði í Akureyrarbæ, bænum til þrýði og almenningi til skemmtunar. Garðurinn sé skreyttur trjám og blómum og leikvellir og lystihús séu þar almenningi til afnota svo fljótt sem því verður við komið“

2.7 Kortagrunnur

Grunnkort eru komin frá Akureyrarbæ og loftmynd er frá Loftmyndum ehf.

3.0 Skipulagslýsing

Deiliskipulagið nær til allrar lóðar Lystigarðs Akureyrar sem er samtals 28.180 m² að stærð. Innan lóðarinnar er að finna 5 byggingar, auk 3 bygginga sem er áætla að verði fjarlægðar. Það eru gamli vinnuskúrinn, verkfærageymsla og lítið gróðurhús. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að byggt verði kaffihús og mannvirki tengd því í garðinum, á þeim stað sem þau hús sem á að fjarlægja standa nú. Í Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 er Lystigarður Akureyrar í landnotkunarflokkinum opið svæði til sérstakra nota. Garðurinn hefur mikið útivistargildi og er skilgreindur sem grasagarður og skrúðgarður. Gert er ráð fyrir mannvirkjum í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð.

3.1 Skipulagsskilmálar

Skilmálar þessir eiga við um framkvæmdir sem heimilaðar verða frá og með gildistöku skilmálanna. Ákvæði skilmálanna hafa ekki áhrif á fyrri samþykktir byggingarnefndar sem framkvæmdar hafa verið á einstökum lóðum. Með skipulaginu er ekki verið að heimila framkvæmdir á lóðum, byggingar eða annað, sem gerðar hafa verið án samþykkis byggingarnefndar. Lóð Lystigarðsins er 28.180 m².

3.1.1 Friðun Lystigarðsins á Akureyri – Upphafshlutinn frá 1912

Deiliskipulag þetta gerir ráð fyrir því að elsti hluti garðsins frá 1912 eins og sýnt er á þemakorti 1.2 og sýnt er afmarkað á deiliskipulagsupprætti verði friðað út frá mikilvægi Lystigarðsins sem menningarsögulegs svæðis og mikilvægi garðsins út frá garðlistasögulegu sjónarmiði. Friðunin nær til þess að varðveita sem upprunalegasta form og útlit garðsins frá upphafsárunum, varðveita og endurgróðursetja trjágróður af sömu tegund og á sama stað út frá garðlistasögulegu sjónarmiði. Vinnuaðferðir skulu vera í samræmi við umfjöllun í forsendum um framtíð Lystigarðsins og samkvæmt sérákvæði deiliskipulagsins. Elsti hluti Lystigarðsins fær af þessum ástæðum ákvæði hverfisverndar, en stærð svæðisins er 11.218 m².

3.1.2 Byggingar

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir því að halda í þær byggingar sem eru nýttar fyrir starfsemi garðsins en aðrar byggingar verði fjarlægðar samanber töflu hér að neðan:

Núverandi byggingar	byggingarár	birt stærð
Eyjarlandsstofa	1850	99 m ²
Jónsstofa	1987	76 m ²
Lystigarður - gróðurhús	1998	122,4 m ²
Áhaldahús	2003	72,6 m ²
Snyrting	1955	12 m ²

Byggingar sem hverfa	byggingarár	birt stærð
Vinnuskúr	1954	0 m ²
Áhaldaskúr	1950	0 m ²
Gróðurhús	1961	0 m ²

Eyjarlandsstofa

Eyjarlandstofan er stór hluti af kjarna garðsins og helsta kennileiti Lystigarðsins í dag. Hún er upprunalega byggð árið 1850, en flutt inn í Lystigarðinn og gerðar gagngerar endurbætur á húsinu. Gert er ráð fyrir stækkun byggingarreits við húsið fyrir bíslag/fordyri og inngang.

Jónsstofa

Vinnuskáli og snyrtingar. Núverandi stærð byggingar er 76 m² og er ekki gert ráð fyrir stækkun byggingarinnar.

Gróðurhúsið

Núverandi stærð gróðurhússins við Jónsstofuna og Eyjarlandsstofu 122,4 m². Húsið er nýtt til ræktunar og getur einnig nýst sem sýningarskáli fyrir plöntur. Ekki er gert ráð fyrir stækkun byggingarreits gróðurskálans.

Áhaldahús

Stærð byggingarinnar er 72,6 m² og uppfyllir húsið núverandi kröfur um stærð og aðstöðu.

Salernið

Byggingarreitur salernisins gerir ráð fyrir óbreyttri stærð byggingarinnar. Þó er gert ráð fyrir möguleikum á að bæta inngangssvæði. Út frá sögulegu tilliti er mikilvægt að varðveita salernið í suðaustur horni Lystigarðins. Núverandi stærð er 12 m².

Kaffihúsið

Byggingarreitur fyrir kaffihús gerir ráð fyrir byggingu fyrir kaffisölu í Lystigarðinum með lágmarks aðstöðu sem gæti skipts á eftirfarandi hátt:

- Þjónustuaðstaða / eldhús 50 m²
- Veitingasalur 50m²
- Þjónusturými / snyrting og fl. 25 m²
- Kjallari 25m²
- Heildarstærð byggingar: 150 m²**

- Útisvæði / verönd 200 m²

3.1.3 Aðkoma og umferð

Aðkoma að Lystigarðinum er frá Þórunnarstræti og eru bílastæði samnýtt með Menntaskólanum á Akureyri. Fyrir liggur samningur milli Akureyrarbæjar og Menntaskóla Akureyrar um samnýtingu bifreiðastæða og þátttöku í kostnaði. Hann er dagsettur 9. september 1997. Óformlegt samkomulag er við FSA um að starfsmenn LA nýti stæði við Fjórðungssjúkrahúsið. Einnig er samkomulag um þjónustuaðkomu frá bílastæði til móts við vélageymslu. Notkun reiðhjóna í Lystigarðinum er óheimil.

Göngustígar

Aðalgöngustígur er frá aðalinngangi í norðri að suður inngangi garðsins til móts FSA. Einnig er gert ráð fyrir öðrum aðalgöngustíg um garðinn frá gamla innganginum við Eyrarlandsveg. Aðrir stígar í garðinum kallast almennir stígar.

Kvöð um aðkomu og umferð

Við aðalinnganginn er kvöð um aðkomu slökkviliðs frá bílastæðum að Hólum og Gamla skóla Menntaskólans á Akureyri. Einnig er kvöð um aðkomu frá bílastæðum FSA til móts við áhaldahús. Það verður jafnframt þjónustuaðkoma fyrir hátíðarsvæði garðsins og að fyrirhuguðu kaffihúsi.

Bílastæði

Innan lóðar Lystigarðsins eru engin bílastæði, en gert er ráð fyrir bílastæðum á lóð Menntaskólans samkvæmt samningi. Akureyrarbær tók þátt í kostnaði við gerð 30 bílastæða og er allur rekstur og viðhald á hendi Menntaskólans. Gert er ráð fyrir aðkomu fyrir rútur sem koma með gesti Lystigarðsins frá bílastæði Menntaskólans. Fjöldi bílastæða er miðaður við eitt (1) stæði fyrir hverja 35m² og að lágmarki eru fimmtán (15) bílastæði sem sýna þarf fram á. Auk þess er gert ráð fyrir eitt (1) bílastæði fyrir hreyfihamlaða á bílastæði MA.

Aðgengi hreyfihamlaðra

Gert er ráð fyrir aðgengi hreyfihamlaðra frá bílastæðum MA og FSA. Gerð verður krafa um að yfirborð göngustíga uppfylli skilyrði fyrir umferð hreyfihamlaðra og hjólastóla. Á bílastæði MA er eitt (1) stæði fyrir hreyfihamlaða.

3.1.4 Gróður

Saga garðlistar á Íslandi er ekki löng en það sem íslenska þjóðin á er dýrmætt. Menningarsöguleg verðmæti trjágróðurs hefur lítið verið skilgreint út frá skipulagslegu sjónarhorni. Trjágróður birtist í mismunandi formum og einnig geta einstakar tegundir trjágróðurs skipt máli.

Hér að neðan eru skilgreindir þeir gróðurflokkar sem birtast okkur í Lystigarðinum.

Gróðurflokkar:

- Stakstætt tré
- Trjáröð

- Trjábelti
- Gróðurbelti
- Gróðurbeð / sýningarsvæði

Á deiliskipulagsupprætti er trjágróðri gerð skil á eftirfarandi hátt:

Kvöð um varðveislu og endurheimt trjágróðurs

Til að viðhalda þeirri upplifun sem flestir gestir garðsins verða fyrir vegna þess trjágróðurs sem er í Lystigarðinum og út frá garðlistarsögulegu sjónarmiði eru settar kvaðir á ákveðin svæði í garðinum. Samkvæmt þeim ber að varðveita og endurgróðursetja í samræmi við uppdrátt er sýnir framtíðarsýn garðsins. Helstu svæðin eru jaðar garðsins, elsti hlutinn og trjágróður sem að myndar hin mismunandi garðrými. Einnig taka þessar kvaðir til þess hluta garðsins sem verður friðaður með hverfisvernd. Hér er bæði átt við trjágróður sem heild samkvæmt þeirri flokkun sem fram kemur hér að ofan og einnig ákveðna einstaklinga. Nánari útfærsla skal unnin með viðurkenndum vinnuaðferðum garðlistar með kortlagningu, greiningu tegunda og uppdráttum er sýna hvert stefnt skal til framtíðar.

Trjágróður

Á deiliskipulagsupprætti er skilgreindur annar trjágróður sem ekki fellur undir kvaðir um trjágróður. Þau svæði sem helst falla undir þessa skilgreiningu eru svæði sem vegna starfsemi og þróunar garðsins hafa ekki menningarsögulegt gildi. Þessi trjágróður er þó mikilvægur til að garðurinn virki sem mikilvægt útivistarsvæði og viðhaldi þeirri ró sem staðurinn veitir. Um almennan trjágróður og sýningarsvæði gilda engin sérákvæði um staðsetningu og viðhald þeirra.

Landslagstengsl

Stór hluti af upplifun í Lystigarðinum eru tengslin við Vaðlaheiðina frá flötinni neðan við Eyrarlandsstofuna. Það er mikilvægt að viðhalda þessari upplifun og tryggja það að trjágróður byrgji ekki þessa sýn.

3.1.5 Minnisvarðar og önnur mannvirki.

Innan Lystigarðsins er að finna ýmis mannvirki sem að tengjast garðinum og sögu hans. Það er andi staðarins sem að skiptir máli og mikilvægt að hafa það í huga þegar ætlunin er að staðsetja eitthvað nýtt mannvirki annað en byggingar.

Minnisvarðar

Í Lystigarðinu er að finna nokkra minnisvarða um einstaklinga og velunnara garðsins. Þeir minna á það óeigingjarna starf sem stofnendur, starfsmenn og velunnarar hafa lagt að mörkum til að gera garðinn að því sem hann er í dag. Lagt er til að nýjum minnisvörðum verði haldið í lágmarki og staðsetning þeirra verði að mestu í samræmi við söguásinn sem er skilgreindur á þemakorti 1.3. Mikilvægt er að viðhalda eftir bestu getu núverandi minnisvörðum.

minnisvarði	Ár uppsetningar	Upplýsingar um minnisvarða
"Konur gerðu garðinn 1912"		Lágmynd eftir Tove Olafsson frá ca 1943
Margrjete Schiöth - "Hún gerði garðinn frægan"		
Matthias Jockumsson - Ríkarður Jónsson		Brjóstmynd úr brons eftir Ríkarð Jónsson
Jón Rögnvaldsson		Brjóstmynd úr bronsi eftir

Tjarnarsvæði

Á þemakorti 1.3 er að finna skilgreininu á vatnsásnum sem er vatnasvæði sem er hugsað sem upplifunarsvæði fyrir börn og fullorðna. Það er mikilvægt að allar viðbætur við núverandi tjarnir verði inná þess svæðis sem skilgreint er sem vatnsásinn.

Önnur mannvirki

Lystigarður er staður til að upplifa, njóta, fræðast og komast frá amstri dagsins. Öll mannvirki skulu samræmast starfsemi garðsins til að trufla ekki þessa upplifun.

4.0 Sérákvæði deiliskipulags

Hönnun mannvirkja

Aðaluppdrættir skulu lagðir fyrir byggingarnefnd og vera í samræmi við byggingarreglugerð, skilmála þessa og lög og reglur sem gilda um mannvirki og umhverfi. Sérteikningar er snúa að lóð og nánasta umhverfi mannvirkja, þ.e. lóðarteikning, skal leggja inn samtímis aðaluppdráttum.

Lóðarstærð og nýtingarhlutfall

Lystigarður Akureyrar er skilgreindur á einni lóð sem er 28.180 m² að stærð. Gert er ráð fyrir nýtingarhlutfalli 0.03 og skal byggingarmagn á lóðinni ekki fara upp fyrir 850 m².

Hæðar- og mæliblöð

Hæðarblöð sýna hæðartölu (kóta) fyrir aðalhæð byggingar, hæðir á lóðarmörkum (G er gefin hæð og L er leiðbeinandi hæð. Hæðarblöð sýna jafnframt legu og hæð frárennslislagna. Mæliblöð sýna stærð lóðar. Lóðarmörk, byggingarreit byggingar, fjölda bílastæða og kvaðir ef einhverjar eru.

Byggingarreitur

Byggingarreitur er sýndur á mæliblaði. Hús skulu vera innan byggingarreits, og gildir það einnig um skyggni, svalir, gluggaútskot, gróðurskála svo og aðrar útbyggingar. Þegar uppfylla skal ákvæði brunamálareglugerðar um bil á milli húsa með tilliti til byggingarefna, skal miða við miðlínu á milli byggingarreita.

Húsagerð og byggingar

Húsagerðir eru frjálstar að öðru leyti en því sem lóðablöð, skilmálar þessir og byggingarreglugerð segja til um. Hús skulu vera innan þeirra marka sem meðfylgjandi kennisnið segja til um. Uppgefnir kótar á kennisniðum eru hámarkskótar þaks og veggja. Heimilt er að þakkantar nái út fyrir byggingarreit, þó innan þeirra marka sem ákvæði byggingareglugerðar um lágmarksfjarlægð milli húsa segja til um.

Sorp og sorpgeymslur

Sorpgeymslur skulu vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar. Staðsetning og frágangur skal vera þannig að þær séu aðgengilegar og lítt áberandi.

Frágangur lóðar – skruðgarðaviðhald

Stefnt skal að því að láta vinna viðhaldsáætlun í anda garðlistar með heildaruppdrátt fyrir Lystigarðinn á Akureyri sem sýni áætlanir um viðhald og þróun garðsins til framtíðar.

- Skráning á skipulagi garðsins sem byggt er á eldri gögnum, skráning á sem upprunalegasta formi garðsins, byggt á gagnaöflun, skráningu og kortum. Öflun upplýsinga um hvernig framkvæmdum var háttáð, hvaða plöntur og efni voru notuð.
- Uppdráttur á núverandi stöðu, sem sýnir skipulag garðsins, efnisnotkun og tegundir gróðurs.
- Áæltanir um endurgerð á garðmannvirkjum og vatnsmannvirkjum, s.s. minnisvarðar, tjarnir og gosbrunnar.
- Uppdráttur sem sýnir framtíðarsýn garðsins þar sem fram kemur hvernig endurbyggingu og endurgróðursetningu verður háttáð. Framsett með aðgerðarteikningum, verklýsingum og öðrum nauðsynlegum gögnum.
- Viðhaldsáætlun garðsins, þar sem sýnt er fram á hvernig viðhaldi garðsins verði háttáð.

Aðkoma, umferð og bílastæði

Um aðkomu, umferð og bílastæði gilda almennir skipulagskipmálar sem eru skilgreindir í kafla 3.0 Skipulagslýsing. Leitast skal við að tryggja aðgengi sem flestra til að njóta og upplifa garðinn.

Hljóðvist

Hönnuðir er minntir á að fylgja ákvæðum í byggingarreglugerð varðandi hljóðvist innanhúss.

Frávæita og lagnir

Gert er ráð fyrir að byggingar og mannvirki verði tengd fráveitu- og lagnakerfi Akureyrarbæjar.

5.0 Heimildaskrá

- Akureyrarbær (2006); *Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018*; Akureyrarkaupstaður.
Akureyrarbær; <http://www.akureyri.is/>; skoðuð reglulega 2006.
- Einar E. Sæmundsen, (2004); *Fra kálhæve til pryðehæve*, Landskab 3/4. tbl 2004; s. 50-57.
- Fasteignamat ríkisins; (2006); <http://www.fmr.is>; skoðuð 17. nóvember 2006.
- Hermann Georg Gunnlaugsson, (1997); *Stækkun Lystigarðsins á Akureyri*, Lokaverkefni í landslagsarkitektúr við Fachhochschule Weihenstephan í Þýskalandi; AVS 3/4. tbl 1997; s. 82-84.
- Hermann Georg Gunnlaugsson, (1996); *Der Volkspark und Botanische Garten in Akureyri, Island. Ein Leitkonzept für anliegende Grünflächen vom Gymnasium und Kreiskrankenhaus Akureyri*; Lokaverkefni í landslagsarkitektúr við Fachhochschule Weihenstephan í Þýskalandi, 83 síður.
- Jón Hjaltason; (1990); *Saga Akureyrar, I. bindi 890-1862*; Akureyrarbær, Akureyri; S. 228.
- Lystigarður Akureyrar; <http://lystigarður.akureyri.is/default.asp?pid=6&gid=58>; skoðuð 15. nóv 2006.
- Samningur Akureyrarbæjar og Menntaskólans á Akureyri um samnýtingu bifreiðastæða og þátttöku í kostnaði við gerð þeirra; dags. 9. nóvember 1997.*
- Skipulagslög nr. 73/1997 með síðari breytingum.*
- Skipulagsreglugerð nr. 400/1998 með síðari breytingum*
- Skipulagsstofnun; (2002); *Leiðbeiningablað 9 – Um gerð og framsetningu deiliskipulags*; 1. útg.; 8 bls.

6.0 Myndaskrá

Mynd 1. Yfirlitsmynd Lystigarðsins – Mörk skipulagssvæðis (<i>Teiknistofan Storð ehf, 2006</i>).....	4
Mynd 2. Lystigarðurinn á Akureyri árið 1930 (<i>Vígfús Sigurgeirsson, 1930</i>)	6
Mynd 3. Lystigarðurinn á Akureyri - gosbrunnurinn (<i>Hermann Georg Gunnlaugsson, 1985</i>).....	6
Mynd 4. Birki og geitaskegg við gosbunninn (<i>Hermann Georg Gunnlaugsson, 1995</i>)	7
Mynd 5. Stóra Eyjarland (<i>Vígfús Sigurgeirsson, 1954</i>)	8
Mynd 6. Yfirlitsmynd Lystigarðsins á Akureyri (<i>Teiknistofan Storð ehf, 2006</i>)	16
Mynd 7. Þemakort 1.1 Hæðarlega (<i>Teiknistofan Storð ehf, 2006</i>).....	17
Mynd 8. Þemakort 1.2 Þróun og stækkanir (<i>Teiknistofan Storð ehf, 2006</i>)	18
Mynd 9. Þemakort 1.3 Svæðisskipting og notkun (<i>Teiknistofan Storð ehf, 2006</i>).....	19
Mynd 10. Deiliskipulagsuppdráttur (<i>Teiknistofan Storð ehf, 2006</i>).....	20
Mynd 11. Skýringaruppdráttur (<i>Teiknistofan Storð ehf, 2006</i>).....	21
Mynd 12. Skýringarmynd (<i>Teiknistofan Storð ehf, 2006</i>).....	22
Mynd 13. Skýringarmynd B (<i>Teiknistofan Storð ehf, 2006</i>).....	22
Mynd 14. Skýringarmynd – Snið A-A' (<i>Teiknistofan Storð ehf, 2006</i>).....	23

7.0 Teikningaskrá:

Nr	dsk-01	Deiliskipulagsuppdráttur
Nr	dsk-02	Skýringaruppdráttur
Nr	th-01	Hæðarlega
Nr	th-02	Þróun og stækkanir
Nr	th-03	Svæðisskipting og notkun


8.0 Viðaukar, kort, uppdrættir og skýringarmyndir

Yfirlitsmynd - Skipulagssvæði



Mynd 6. Yfirlitsmynd Lystigarðsins á Akureyri (Teiknistofan Storð ehf, 2006).

Þemakort 1.2



Mynd 8. Þemakort 1.2 Þróun og stækkanir (Teiknistofan Storð ehf, 2006).

Skýringarmynd A

Myndin sýnir mögulega útfærslu af fyrirhuguðu kaffihúsi Lystigarðsins á Akureyri. Myndin sýnir ásýnd frá hátíðarsvæði.



Mynd 12. Skýringarmynd (Teiknistofan Stord ehf, 2006).

Skýringarmynd B


Myndin sýnir mögulega útfærslu af fyrirhuguðu kaffihúsi Lystigarðsins á Akureyri. Myndin sýnir afstöðu verandar og útípalls til fyrirhugaðrar byggingar.



Mynd 13. Skýringarmynd B (Teiknistofan Stord ehf, 2006).

Skýringarmynd – Snið A-A´

Skýringarmyndin sýnir snið sem tekið er frá starfsmanningsangi við FSA og sýnir afstöðu mögulegs kaffihúss til núvrandi bygginga í Lystigarði Akureyrar.



Skýringarmynd - Snið A-A´

M 1:500

Mynd 14. Skýringarmynd – Snið A-A´ (Teiknistofan Storð ehf, 2006).